



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

---

# Skýrsla faghóps um samfélagslega virkni fyrir einstaklinga með geðrænan vanda

Maí 2019

---

Skýrsla faghóps um samfélagslega virkni fyrir einstaklinga með geðrænan vanda.  
Maí 2019

Útgefandi: Félagsmálaráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík  
Sími: 545 8100  
Bréfasími: 551 9165  
Netfang: [frn@frn.is](mailto:frn@frn.is)  
Veffang: [felagsmalaraduneyti.is](http://felagsmalaraduneyti.is)

Umbrot og textavinnsla: Félagsmálaráðuneytið

© 2019 Félagsmálaráðuneytið

ISBN 978-9935-477-59-0

# Efnisyfirlit

Inngangur	2
Samantekt	3
<b>1 Staðan í dag</b>	<b>4</b>
1.1 Geðraskanir sem orsök örorku	4
1.2 Andleg líðan	5
1.3 Þriðji geirinn – Frjáls félagasamtök	7
1.4 Heilbrigðisþjónusta sem býðst einstaklingum með geðrænan vanda	7
<b>2 Tillögur og niðurstöður faghópsins</b>	<b>8</b>
2.1 Samþætting kerfa	8
2.2 Gæðaeftirlit	9
2.3 Heildstæð ráðgjafarmiðstöð í anda „headspace“	9
2.4 Stuðningur við atvinnuþátttöku	10
<b>Heimildir</b>	<b>11</b>

# Inngangur

Hinn 28. september 2018 skipaði félags- og jafnréttismálaráðherra, sem nú er félags- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, faghóp um samfélagslega virkni fyrir einstaklinga með geðrænan vanda.

Hlutverk faghópsins er að skilgreina hvers konar þjónusta, fjármögnuð af hinu opinbera, er þörf á sviði félagsþjónustu og vinnumarkaðsaðgerða fyrir fólk með geðrænan vanda en fyrir þennan hóp er mikilvægt að hafa aðgang að fjölbreyttum þjónustu- og virkniúrræðum til að auka lífsgæði og efla samfélagslega þátttöku svo rjúfa megi félagslega einangrun, efla sjálfstæði og virkja þá reynslu og þekkingu sem fólkið býr yfir.

Tillögur faghópsins lúta að því horft verði til snemmtækra inngripa og tryggt að þjónustan sé samfelld og samþætt og þannig komið í veg fyrir að einstaklingarnir falli milli þjónustukerfa.

Faghópurinn leggur áherslu á að einstaklingar með geðræn vandamál eru eins ólíkir innbyrðis og þeir eru margir og því þýðingarmikið að þjónustan sem boðið er upp á sé sem fjölbreyttust og miðuð að þörfum einstaklinganna. Þannig finna flestir eitthvað við sitt hæfi sem getur hjálpað þeim að verða virkir í samfélaginu.

Faghópurinn leggur áherslu á þverfaglega nálgun sem stuðlar að nánú samstarfi heilbrigðis- og félagsþjónustu sem og vinnumála- og skólakerfisins.

Í faghópinn voru skipuð eftirfarandi:

- Linda Hrönn Þórisdóttir formaður,
- Agnes Agnarsdóttir sálfræðingur,
- Erik Brynjar Schweitz Eriksson geðlæknir,
- Ingibjörg Briem félagsráðgjafi,
- Ólöf Helga Þór náms- og starfsráðgjafi,
- Sigurður Hólm Gunnarsson iðjubjálfi.

Jafnframt störfuðu með hópnum Linda Fanney Valgeirsdóttir, Ingibjörg Broddadóttir og Jón Þór Þorvaldsson, sérfræðingar í velferðarráðuneytinu, nú félagsmálaráðuneytinu. Þegar í upphafi starfs faghópsins var lögð áhersla á að aðeins yrði fjallað um innihald og gæði þjónustu en ekki um framkvæmdaðila, þ.e. þá sem þjónustuna veita.

Efnislega er hér um áfangaskýrslu að ræða en tímans vegna náðist ekki að ljúka umfjöllun um mörg mikilvæg atriði eða ráðast í yfirgripsmikla gagnaöflun. Faghópurinn þyrfti lengri tíma til að geta gefið ítarlegar og skýrar leiðbeiningar um uppbyggingu virkniúrræða en leggur þess í stað áherslu á ákveðin grundvallaratriði í þjónustu við einstaklinga með geðrænan vanda.

Faghópurinn fundaði á tímabilinu október til desember 2018 og aftur á tímabilinu febrúar til mars 2019. Á síðara tímabilinu, sem faghópurinn fundaði, hafði Sigurður Hólm ekki tök á að taka þátt í starfi hópsins. Faghópurinn fundaði alls níu sinnum. Kallaðir voru til gestir á fundina, meðal annars framkvæmdarstjóri Geðhjálp og einstaklingur sem hefur sjálfur nýtt sér ýmis virkniúrræði. Hópurinn færir þeim þakkir fyrir upplýsingar og góð ráð. Faghópurinn aflaði jafnframt ýmissa gagna í þeim tilgangi að fá ítarlega yfirsýn yfir stöðuna eins og hún er í dag, meðal annars frá Vinnumálastofnun og Tryggingastofnun ríkisins.

# Samantekt

Faghópurinn leggur áherslu á eftirfarandi atriði;

1. Samþættingu kerfa
2. Gæðaeftirlit
3. Heildstæð ráðgjafarmiðstöð í anda „*headspace*“
4. Stuðning við atvinnuþátttöku

Reykjavík, 8. maí 2019,




F. h. hópsins, Linda Hrönn Þórisdóttir formaður.

# 1 Staðan í dag

## 1.1 Geðraskanir sem orsök örorku

Þegar litið er til fyrstu greiningar einstaklinga í örorkumatsskrá Tryggingastofnunar ríkisins eru fjölmennustu flokkarnir geðraskanir og stoðkerfisvandir. Verulegur munur er á hópnum 40 ára og yngri og hópnum 41 árs og eldri hvað sjúkdómsgreiningar vegna geðraskana varðar. Árið 2017 fór meira en helmingur hópsins 40 ára og yngri á örorkulífeyri vegna geðraskana (55,1%), sbr. mynd 1, en til samanburðar var hlutfallið 19% hjá hópnum 41 árs og eldri.




Mynd 1. Nýgengi 75% örorku hjá aldurshópnum 40 ára og yngri árið 2017.

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

Frekari greining á einstaklingum í aldurshópnum 40 ára og yngri sem fóru á örorkulífeyri árið 2017 vegna geðraskana leiddi í ljós að algengustu greiningar sem liggja þar að baki eru geðklofi, geðhvörf og geðlægd (31%), kvíðaraskanir (24%) og gagntækar þroskaraskanir, svo sem einhverfa og asperger (23%). Margir hafa fleiri en eina sjúkdómsgreiningu en byggt er á sjúkdómsgreiningu í læknisvottorði.

## 1.2 Andleg líðan

Í rannsókninni *Heilsa og líðan Íslendinga* sem Embætti landlæknis lagði fyrir í októbermánuði 2017 voru þátttakendur beðnir um að meta andlega og líkamlega heilsu sína sem annaðhvort mjög góða, góða, sæmilega eða lélega. Rúmlega 18% þátttakenda mátu andlega heilsu sína sæmilega og tæplega 3% lélega,<sup>1</sup> sjá á mynd 2.




Mynd 2. Mat á andlegri heilsu.

Heimild: Embætti landlæknis.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Embættis landlæknis meta konur andlega heilsu sína almennt verri heldur en karlar en árið 2017 töldu tæplega 23% kvenna andlega heilsu sína vera sæmilega eða lélega meðan sama gildir um tæplega 20% karla. Þá er ljóst að yngsti aldurshópurinn metur heilsu sína lakasta en í aldurshópnum 18–44 ára sögðust rúmlega 28% kvenna og 24% karla búa við sæmilega eða lélega andlega heilsu. Svo virðist sem menntunarstig fólks hafi sterk tengsl við mat á andlegri heilsu en rannsóknin bendir til þess að einstaklingar með grunnmenntun séu líklegri til að meta andlega heilsu sína slæma en þeir sem lokið hafa meiri menntun.

<sup>1</sup> Embætti landlæknis. (2019). *Talnabrunnur, fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar*. 13. árgangur. 2. tbl.

Samkvæmt skýrslu OECD frá árinu 2018<sup>2</sup> glíma fleiri en einn af hverjum sex íbúum Evrópusambandsins (ESB) við geðræn vandamál af einhverju tagi og eru þunglyndi og kvíði algengustu einstöku geðraskanirnar. Sé litið til Íslands er algengi geðraskana hér á landi mjög svipað meðaltali aðildarríkja ESB. Í sömu skýrslu kemur jafnframt fram að kostnaður samfélagsins vegna geðraskana sé umtalsverður en áætlað er að hann hafi numið ríflega 4% af vergri landsframleiðslu í ríkjum ESB árið 2015 en 4,9% á Íslandi.



Mynd 3. Algengi geðraskana.

Heimild: Health at a Glance: Europe 2018.

Skýrsla OECD bendir til þess að samfélagslegir þættir vegi þungt þegar metin er tíðni einstakra geðraskana. Samkvæmt niðurstöðum úr Evrópsku heilsufarsrannsókninni EHIS (framkvæmd hér á landi af Hagstofu Íslands árið 2015) svöruðu 20,6% karla og 24,1% kvenna sem tilheyrðu tekjulægsta fimmtungi samfélagsins hér á landi því játandi að vera með þunglyndi, samanborið við 5,6% karla og 9,2% kvenna í efsta tekjufimmtungi landsins.

<sup>2</sup> OECD/EU (2018) *Health at a glance: Europe 2018, State of Health in the EU Cycle*.



---

### 1.3 Þriðji geirinn - Frjáls félagasamtök

---

Góð geðheilsa er undirstaða lífsgæða og því mikilvægt þegar geðheilsunni hrakar að í boði séu fjölbreytt úrræði sem henta fólki í mismunandi stöðu. Á það ekki síst við um unga fólk en rannsóknir hafa sýnt að vanlíðan ungmenna hér á landi hefur á undanförunum árum farið vaxandi.<sup>3</sup> Þegar kemur að samfélagslegri virkni fyrir einstaklinga með geðrænan vanda er mikilvægi frjálsra félagasamtaka óumdeilt en þau sinna störfum sínum án hagnaðarvonar. Fjöldmörg frjáls félagasamtök starfa hér á landi á sviði geðheilbrigðis- og félagsþjónustu og segja má að slík samtök hafi í raun gegnt stóru hlutverki varðandi þjónustu við fólk með geðrænan vanda. Stór hluti þeirra virkniúrræða sem standa fólki til boða eru á vegum slíkra samtaka sem mörg hver eru styrkt af hinu opinbera. Framangreint mikilvægi virkniúrræða frjálsra félagasamtaka eða svokallaðs þriðja geira er undirstrikað í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Þar kemur fram að frjáls félagasamtök gegni lykilhlutverki á fjölbreyttum málavíðum sem mikilvægt er að styðja. Þar má meðal annars nefna jafnréttismál, íþróttá- og æskulýðsmál, umhverfis- og náttúruvernd, geðheilbrigði og málefni hinsegin fólks.

---

### 1.4 Heilbrigðisþjónusta sem býðst einstaklingum með geðrænan vanda

---

Heilsugæslan er fyrsta stig geðheilbrigðisþjónustu. Í aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára, frá apríl 2016, kemur fram að aðgangur skuli vera fyrir alla að sálfræðiþjónustu á 90% heilsugæslustöðva í lok árs 2019. Einnig kemur fram að sett verði á fót geðheilsuteymi í samstarfi heilbrigðisþjónustu og sveitarfélaga. Innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eru nú þegar tvö slík teymi sem sinna annars vegar vesturhluta Reykjavíkur og hins vegar austurhluta (geðheilsuteymi vestur og geðheilsuteymi austur). Ráðgert er að þriðja teymið taki til starfa á þessu ári fyrir Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur verið starfrækt þverfaglegt geðheilsuteymi síðastliðin átta ár. Unnið er að stofnun sambærilegra geðheilsuteyma í öllum landshlutum. Á Landspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri eru bráðalegudeildir, endurhæfingargeðdeildir, dagdeildir og göngudeildarþjónusta.

---

<sup>3</sup> Rannsóknir og greining. (2016) *Sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstílaunir meðal íslenskra ungmenna: Niðurstöður kannana í framhaldsskólum frá 2000 til 2016*.

Rannsóknir og greining. (2016). *Ungt fólk 2016. Lýðheilsa ungs fólks í Reykjavík. Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk árið 2016*.

## 2 Tillögur og niðurstöður faghópsins

Á síðustu áratugum hafa komið fram mörg virkniúrræði á Íslandi fyrir einstaklinga með geðrænan vanda. Hafa þau í flestum tilvikum verið á vegum grasrótar- og félagsamtaka en að einhverju eða mestu leyti fjármögnuð af hinu opinbera. Virkni er lykilþáttur til að ná aftur og viðhalda bata í kjölfar geðræns vanda.


Erfitt er að skilgreina eða afmarka hvað teljist samfélagsleg virkni. Var það mat hópsins að ekki væri rétt að skilgreina það þröngt þar sem samfélagsleg virkni getur verið af ýmsum toga, svo sem þátttaka á atvinnumarkaði, sjálfbodaliðastarf, nám, námskeið, liðveisla, handavinnuhópar og kaffisamsæti svo dæmi séu tekin.

Aftur á móti var það verkefni hópsins að setja fram þau lykilatriði sem slík úrræði þurfa að hafa til að bera. Tilgangur virkniúrræða ætti að vera að veita einstaklingum hlutverk, rjúfa einangrun og aðstoða við að koma á og viðhalda rúttínu. Mikilvægt er að slík starfsemi sé notendastýrð, ekki háð tilvísunum fagaðila (e. *open door policy*) og í góðum samskiptum við heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Faghópurinn er sammála um að glufur séu í kerfinu þegar kemur að aðstoð, utanumhaldi og eftirfylgni við þá einstaklinga sem eru með geðrænan vanda. Þá er hópurinn sammála um mikilvægi skýrra verkferla þegar um málefni þessara einstaklinga er að ræða svo unnt sé að tryggja að hver og einn einstaklingur sé metinn að verðleikum í samræmi við getu, áhuga, reynslu og/eða menntun og það að vera virkur þátttakandi í samfélaginu.

Faghópurinn hefur komist að samkomulagi um eftirfarandi tillögur:

### 2.1 Samþætting kerfa



Tillaga faghópsins er að efla til muna samstarf milli þeirra þriggja kerfa sem eiga að sinna einstaklingum með geðrænan vanda á einn eða annan hátt, þ.e. heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og virkniúrræði. Mikilvægt er að tryggja að boðið sé upp á heildstæða og samfellda þjónustu fyrir þá einstaklinga sem þurfa á henni að halda og tryggja að yfirsýn og eftirfylgni sé varðandi málefni þeirra með það að markmiði að aðstoða einstaklingana við að auka samfélagslega virkni sína. Samhliða þessu er mikilvægt að tryggja öflugar forvarnir og að aðgangur að þjónustu sé opin og auðveldur.

---

## 2.2 Gæðaeftirlit

Að mati faghópsins er mikilvægt að virkniúrræðin sem einstaklingi standa til boða séu fjölbreytt svo komið sé til móts við einstaklinga á ólíkum aldri, með mismunandi bakgrunn, reynslu, heilsufar og þekkingu. Þannig gætu virkniúrræðin til dæmis verið vinnutengd, fræðslutengd, tómstundatengd og heilsutengd. Megintilgangur slíkra virkniúrræða ætti alltaf að vera að veita einstaklingum hlutverk, rjúfa einangrun og aðstoða við að koma á og viðhalda rútinu.

Fjöldmörg virkniúrræði standa einstaklingum með geðrænan vanda til boða og í mörgum tilfellum eru þau fjárhagslega styrkt af hinu opinbera. Faghópurinn telur mikilvægt að áfram verði boðið upp á fjölbreytt úrræði. Jafnframt að komið verði á fót gæðaeftirliti og gerðar kröfulýsingar svo tryggt sé að þau virkniúrræði sem styrkt eru af hinu opinbera skili árangri fyrir þá einstaklinga sem eftir þeim leita. Gera þarf skýrar og vel skilgreindar þjónustu- og gæðakröfur til virkniúrræða. Mikilvægt er að gera skýran greinarmun á félagsstarfi fyrir fólk með geðrænan vanda og geðheilbrigðisþjónustu. Gæðaeftirlitið myndi að tillögu faghópsins meðal annars felast í því að skila árlega inn skýrslu um starfsemi virkniúrræðis, tilgang þess og markmið, fjölda þeirra sem sækja sér þjónustu og árangur einstaklinga.

---

## 2.3 Heildstæð ráðgjafarmiðstöð í anda „headspace“

Í ljósi aukinnar nýgengi örorku vegna geðraskana hjá ungu fólki telur faghópurinn mikilvægt að lögð verði áhersla á opnun heildstæðrar ráðgjafarmiðstöðvar til að koma til móts við þarfir ungs fólks á aldrinum 12–25 ára. Þar mætti líta til úrræða eins og „headspace“ sem meðal annars eru í boði í Danmörku. Reynslan þar í landi hefur sýnt að árangur slíkra miðstöðva er mikill og að einstaklingarnir sem þangað leita hafa náð mun betur að kljást við kvíða, þunglyndi og einmanaleika og fengið aðstoð við að komast aftur í nám og vinnu. Lykilþáttur í starfsemi slíkra úrræða er opin aðgangur án tilvísunar (e. *open door policy*). Þetta úrræði var upphaflega sett á stofn og þróað í Ástralíu þannig að ungt fólk gæti leitað sér aðstoðar vegna andlegrar vanlíðunar og fíknivanda. Jafnframt er hægt að fá þar aðstoð við nám og vinnuleit. Ekki er þörf á tilvísunum frá fagfólki eða nokkurri greiningu og þjónustan er notendum að kostnaðarlausu. Markmið þjónustunnar er ekki síður að koma í veg fyrir veikindi og grípa snemma inn í. Þess vegna eru engin vandamál of stór eða smá.<sup>4</sup>

Fyrsta „headspace“ miðstöðin var opnuð í Danmörku 2013 og nú eru 18 slíkar stöðvar þar í landi. Gerðar hafa verið úttektir á ánægju og ábata af þjónustunni. Fjárhagslegur ávinningur af þjónustunni er mikill; áætlað er að fyrir hverja krónu sem varið er í „headspace“ verði ábatinn sjö krónur.<sup>5</sup>

---

<sup>4</sup> Headspace, National Youth Mental Health Foundation (2018). *Annual report 2017-18*. Sótt 14. mars. 2019 af <https://headspace.org.au/assets/Uploads/RA694d-Headspace-AnnualReport-A4-v10-pages-180ppi.pdf>

<sup>5</sup>Økonomer uden grænser (2018) *Analyse af headspace, samfundsøkonomisk værdi og social return on investment*. Sótt 21. mars 2019 af [https://www.headspace.dk/cgi-bin/uploads/media/Rapporter%20og%20viden/%C3%98konomer%20Uden%20Gr%C3%A6nser\\_headspace.pdf](https://www.headspace.dk/cgi-bin/uploads/media/Rapporter%20og%20viden/%C3%98konomer%20Uden%20Gr%C3%A6nser_headspace.pdf)

---

## 2.4 Stuðningur við atvinnuþátttöku

---

Faghópurinn telur mikilvægt að atvinnuþátttaka fólks með geðraskanir fái meiri stuðning. Vill hópurinn sérstaklega benda á IPS-hugmyndafræði (e. *Individual Placement and Support*). Hugmyndafræðin byggist á gagnreyndum aðferðum sem áratuga reynsla er af og hefur reynst árangursrík.<sup>6</sup> Hugmyndafræðin byggist á getu og áhuga einstaklings til virkni/vinnu en ekki takmörkunum. Lögð er áhersla á samkeppnishæf störf á almennum markaði þar sem teymisvinna er lykilatríði og atvinnulíf og heilbrigðiskerfi er samhæft. Einstaklingar með geðrænan vanda þurfa vinnu við hæfi og aðstoð við að útvega sér hana og stuðning eftir þörfum, IPS-hugmyndafræðin byggist á þessu.

---

<sup>6</sup> Sjá: <https://ipsworks.org/>

## Heimildir

Embætti landlæknis (2019). *Talnabrunnur, fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar*. 13. árgangur. 2. tbl.

OECD/EU (2018). *Health at a glance: Europe 2018, State of Health in the EU Cycle*.

Rannsóknir og greining (2016). *Sjálfsvígshugsanir og sjálfsvígstilraunir meðal íslenskra ungmenna: Niðurstöður kannana í framhaldsskólum frá 2000 til 2016*.

Rannsóknir og greining (2016). *Ungt fólk 2016. Lýðheilsa ungs fólks í Reykjavík. Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk árið 2016*.

OECD/EU (2018) *Health at a glance: Europe 2018, State of Health in the EU Cycle*.

Headspace, National Youth Mental Health Foundation (2018). *Annual report 2017-18*. Sótt 14. mars. 2019 af <https://headspace.org.au/assets/Uploads/RA694d-Headspace-AnnualReport-A4-v10-pages-18oppi.pdf>

Økonomer uden grænser (2018) *Analyse af headspace, samfundsøkonomisk værdi og social return on investment*. Sótt 21. mars 2019 af [https://www.headspace.dk/cgi-bin/uploads/media/Rapporter%20og%20viden/%C3%98konomer%20Uden%20Gr%C3%A6nser\\_headspace.pdf](https://www.headspace.dk/cgi-bin/uploads/media/Rapporter%20og%20viden/%C3%98konomer%20Uden%20Gr%C3%A6nser_headspace.pdf)